



Atvinnuleysi í desember undir 5% þriðja mánuðinn í röð

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í desember 4,9% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og var óbreytt frá því í nóvember. 10.161 manns voru á atvinnuleysissskrá í lok desember.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6%. Atvinnuleysið hefur því minnkað um 6,7 prósentustig frá sem mest var. Í desember 2020 var almennt atvinnuleysi 10,7% og það hefur því minnkað um 5,8 prósentustig á einu ári.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni aukast í janúarmánuði og verði í kringum 5,2%.

Atvinnuleysi minnkaði níu mánuði í röð á árinu og var nú óbreytt þriðja mánuðinn í röð. Það hefur því hægt á minnkun atvinnuleysis síðustu mánuði og er það svipað nú og það var í upphafi ársins 2020, áður en faraldurinn skall á.


Þriðja mesta atvinnuleysið á þessari öld

Almennt atvinnuleysi var að meðaltali 7,7% á árinu 2021, 0,2 prósentustigum lægra en árið 2020. Atvinnuleysið á árunum 2009 og 2010 var 8,0% og 8,1% þannig að 2021 er þriðja hæsta atvinnuleysisárið frá aldamótum. Í þessu sambandi ber að líta til þess að þessar tölur eru án hlutabóta, en atvinnuleysi vegna hlutabóta var töluvert á árinu 2020 og fram á mitt ár 2021.

Lítilsháttar aukning nær alls staðar á landinu


Almennt atvinnuleysi jókst alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vestfjörðum milli nóvember og desember. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum minnkaði um 0,1 prósentustig milli mánaða og um 0,2 prósentustig á Suðurnesjum. Atvinnuleysi jókst mest um 0,4 prósentustig á Vesturlandi og Austurlandi. Atvinnuleysi er eftir sem áður langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en það hefur nú verið undir 10% á Suðurnesjum í fimm mánuði, en hæst fór það í 24,5% í janúar 2021. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var þó áfram

Skráð atvinnuleysi 2020 og 2021




Heimild: Vinnuálastofnun

Skráð atvinnuleysi, ársmeðaltöl



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í nóvember og desember 2021



Heimild: Vinnuálastofnun



10% í desember og minnkaði um 0,4 prósentustig milli mánaða.

Langtímaatvinnuleysi hefur aukist mikið


Fjöldi langtímaatvinnulausra (atvinnuleysi lengur en í 12 mánuði) jókst jafnt og þétt á árunum 2019 og 2020 og tók að herða á fjölguninni eftir að faraldurinn brast á. Fjöldinn tók svo stökk upp á við í upphafi ársins 2021, ári eftir að áhrif faraldursins birtust, og náði hámarki í apríl. Eftir að atvinnuleysi tók að minnka hefur langtímaatvinnulausum fækkað um 2000.

Sé litið á innbyrðis hlutföll atvinnuleysis eftir lengd var staðan sú að langtímaatvinnulausir voru í kringum 20% af fjölda atvinnulausra fram á fyrstu mánuði ársins 2021, en þá fór þeim að fjölga hlutfallslega samfara minnkun atvinnuleysis. Fjöldi langtímaatvinnulausra af heildinni fór yfir 40% í júní í fyrra og fór hæst í 44% í ágúst og september. Síðan hefur hlutfall þeirra farið lækkandi og var komið niður í 37% nú í desember. Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði hefur einnig fækkað, en að sama skapi fjölgar þeim hlutfallslega sem hafa verið atvinnulausir í styttri tíma.

Mikill árangur hefur náðst


Atvinnuleysi hefur nú verið svipað í þrjá mánuði og var í janúar 2020, áður en faraldurinn skall á. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja. Svo virðist sem ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja hafi haldið nokkuð vel eins og reynsla fyrri ára hefur sýnt. Þá virðist langtímaatvinnuleysi vera á niðurlægingu sem eru mjög góð tíðindi.

Fjöldi atvinnulausra eftir lengd atvinnuleysis



Heimild: Vinnuálastofnun

Hlutfallslegur fjöldi atvinnulausra - mánaðartölur



Heimild: Vinnuálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.